

109. Stjórnarfundur Fenúr

Mætt: Ragna Halldórsdóttir, Helga J. Bjarnadóttir, Már Karlsson, Yngvar Halldórsson og Guðmundur B. Friðriksson

Staður og stund: Sorpa, Gufunesi þann 11. maí 2009 kl.15:00.

Þetta gerðist

1. Fundargerðir stjórnarfunda.

Fundargerð síðasta stjórnarfundar liggur ekki fyrir. Rætt um fundargerðir. Helga óskaði eftir minnisþkt Guðmundar Tryggva af stefnumótunarfundi FENÚR 2. apríl sl. Ragna ætlar að kalla eftir gögnunum.

2. Verkefni næsta starfsárs.

Farið var yfir helstu verkefni á næsta starfsári en þau eru eftirfarandi:

- a. Hausráðstefna. Guðmundur kynnti stöðu samstarfs við Félag umhverfisfræðinga á Íslandi (FUMÍ). Guðmundur lagði til að skipaður verði starfshópur með tveim fulltrúum frá FENÚR og tveim fulltrúum FUMÍ. Hópurinn undirbúi ráðstefnuna og vinni drög að dagskrá sem borin verði undir stjórnir félaganna. Rætt um að Guðmundur B. og Guðmundur Tryggi sitji í hópnum fyrir hönd FENÚR. Rætt um möguleika á að nýta póstlista Verkfræðingafélagsins, Landverndar o.fl. til að kynna ráðstefnuna. Mikilvægt er að starfshópurinn fundi einu sinni fyrir sumarfrí, Guðmundur boðar fyrsta fund.
- b. Endurskoðun þjónustusamnings FENÚR við Sorpu. Endurskoða þarf núverandi samning m.a. hvaða verkefnum Sorpa sinnir.
- c. Sýnileiki FENÚR. Helga nefndi hvort FENÚR gæti verið með erindi á haustfundi Samtaka tæknimanna sveitarfélaga (SATS). E.t.v. mætti nýta póstlista samtakanna til að kynna starfsemi fagráðsins. Helga nefndi einnig að hugsanlega mætti koma viðburðum fagráðsins undir liðinn “á döfinni” á heimasíðu Umhverfisstofnunar.
- d. Stuttar kvöldkynningar. Rætt um möguleika á að félagsmenn fái erlenda gesti til að halda stuttar kvöldkynningar þegar eru á landinu.

Ýmisar tillögur komu fram á stefnumótunarfundi FENÚR 2. apríl sl. Ákveðið að ræða verkefni næsta starfsárs aftur á næsta stjórnarfundi þegar minnisþkt. Guðmundar Tryggva af stefnumótunarfundinum liggja fyrir.

3. Flokkunarmerki FENÚR

RR-skil hefur óskað eftir því við FENÚR að bætt verði við tveim merkjum fyrir raf- og rafeindatæki. Annars vegar merkið “stór raftækjaúrgangur” sem þá er fyrir þvottavélar, ofna, þurrkara o.þ.h. og hins vegar “ýmis raftæki” sem eru smærri tæki svo sem brauðristar, símar o.fl. Sorpu finnst einnig vanta merki fyrir sjónvörp og skjái. Það merki mætti einfaldlega búa til úr núverandi merki með að taka út klóna og e.t.v. bæta við skjá. Þá vantar einnig merki fyrir kælitæki og ljósaperur svo í heildina þarf að hanna fimm ný merki venga raf- og rafeindatækja úrgangs. Ragna ætlar að kanna verð og hafa samband við RR-skil um að þeir þá noti merkin og kosti hugsanlega hluta af hönnun merkjanna.

4. NAF fundur á Íslandi

Rætt um fyrirhugaðan fund NAF á Íslandi þann 23. júní nk. Ragna fór yfir dagskrá fundarins. Guðmundur Tryggvi og Ragna koma til með að sitja fundinn. Helga óskaði eftir því að Guðmundur Tryggvi kynni nánar dagskrá fundarins á næsta stjórnarfundum.

Fundi slitið kl. 16:05

Fundarritari: Guðmundur B. Friðriksson